

194. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn í gegnum Zoom

Föstudaginn 8. september 2023.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins sem stýrði fundi, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 9.00.* Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. *Staðan varðandi líkhúsmál.* Ingvar kynnti. Rekstur líkhúsa á vegum kirkjugarða er ekki sjálfbær, en samkvæmt samningi við ríkið er ekki gert ráð fyrir tekjum vegna reksturs þeirra. Þörf er á endurnýjun líkhúss KGRP í Fossvogi sem er bæði úr sér gengið og of lítið. Líkhús KGA á Akureyri er nýrra og er ekki í þörf fyrir viðhald. Rekstur líkhúsa er ekki hluti af lögbundinni starfsemi kirkjugarða. Bæði KGRP og KGA verða að fá tekjur til rekstursins, annað hvort fjárframlag frá ríki eða heimild til gjaldtöku vegna veittrar þjónustu, því að öðrum kosti verður rekstri líkhúsa hætt á vegum kirkjugarðanna. Grípa þarf til aðgerða strax. Dómsmálaráðuneyti hefur verið kynnt staðan, en ekki hefur komist hreyfing á mál.
3. *Beiðni um fund með nýjum Dómsmálaráðherra.* Kynna þarf stöðu mála er varða rekstur líkhúsa fyrir nýjum dómsmálaráðherra. Það þarf að gerast sem fyrst, en KGRP vill fara í aðgerðir fyrir mánaðarmót. Ragnhildur og Guðmundur munu efna í erindi til dómsmálaráðherra um líkhúsmál, samning við kirkjugarða og breytingar á lögum. Erindið verður svo sent til fulltrúa Kirkjugarðaráðs til yfirlstrar. Óskað verður eftir fundi með ráðherra eins fljótt og verða má til að fylgja erindinu eftir með þátttöku allra fulltrúa ráðsins.
4. *Náms og kynnisferð Kirkjugarðaráðs til Noregs 2.-4. október n.k.* Guðmundur kynnti drög að dagskrá fræðsluferðarinnar. Ingvar mun gera drög að spurningum sem hægt er að senda Norðmönnum fyrir fram til undirbúnings.
5. *Engin önnur mál.*

Fundi var slitið kl. 10.30